

Umsagnir vegna matsskyldufyrirspurnar vegna skólpdælustöðvar í Elliðaárvogi og svör framkvæmdaraðila.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Reykjavíkurborg, dags. 8.6.23	
1.1	<p>„Ágætlega er gert grein fyrir flestum atriðum en það blasir við að staðsetning neyðarrásar beint út í mynni Elliðaáa er afar óheppilegt. Elliðaárvogurinn er þegar undir álagi og einnig eru tvær aðrar dælustöðvar á svæðinu.</p> <p>Fram kemur að reynt verði að tímasetja notkun neyðarútrásar með tilliti til sjávarfalla. Undirritaður hefur efasemdir um að það sé alltaf hægt t.d. ef verður óvænt bilun eða of mikið álag.“</p>	<p>Núverandi neyðarútrás fyrir skólpdælustöð við Sævarhöfða er staðsett í litlum vogi, norðan við stöðina (sjá kort við svarlið 3.4 hér að neðan). Framkvæmdaraðili telur líklegt að vatnsskipti séu betri við nýja staðsetningu útrásarinnar en núverandi neyðarútrás og ætla má að útþynning næringarefna sé meiri heldur en við núverandi staðsetningu. Eins og fram kemur í fyrirspurn um matsskyldu, þá er framkvæmdaraðili meðvitaður um að samlegðaráhrifa geti gætt með öðrum stöðvum á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur þó að með nýrri staðsetningu séu minni líkur á uppsöfnun næringarefna og þar af leiðandi minni umhverfisáhrif, m.t.t. samlegðaráhrifa, heldur en áður hefur verið.</p> <p>Framkvæmdaraðili tekur undir með Reykjavíkurborg um að erfitt geti verið að sjá fyrir um neyðartilvik og að tímasetja notkun neyðarútrásarinnar eftir því. Framkvæmdaraðili bendir þó á að við forhönnun hefur verið lögð mikil áhersla á að takmarka notkun neyðarútrásarinnar, eins og kostur er. Í því samhengi bendir framkvæmdaraðili á eftirfarandi úr kafla 1 í matsskyldufyrirspurn: „Neyðarútrásin verður lítið sem ekkert notuð þar sem varaafli verður í dælustöðinni sem mun keyra stöðina í tilfelli rafmagnsleysis í hverfinu. Hana gæti þó þurft að nota ef óvænt bilun kemur upp eða aftakarennslir er í fráveitukerfinu. Ef sinna þarf viðhaldi gæti þurft að hafa dælustöðina á neyðaryfirfalli en við forhönnun hefur þess verið gætt takmarka eða sleppa yfirfallstíma vegna viðhalds, t.d. með því að dæla framhjá stöðinni.“</p> <p>Leitast verður eftir því að sinna viðhaldi þegar rennsli verður í lágmarki</p>

		Vissulega er ekki hægt að ganga að því vísu að alltaf verði hægt að tímasetja notkun neyðarútrásarinnar, með tilliti til sjávarfalla. Framkvæmdaraðili mun þó gera það þegar það verður kostur á því.
1.2	<i>„Undirritaður telur að skoða þurfi fleiri valkosti varðandi útrásina og einnig möguleg samlegðaráhrif bæði vegna álags af öðrum skolpdælustöðvum og annars álags sem er á Elliðaárvog.“</i>	Við staðarval var horft til þess að útþynning næringarefna yrði sem allra hröðust. Fyrirhuguð staðsetning er eins utarlega og hægt er að komast á þessu svæði og þar eru mestar líkur á því að vatnsskipti séu ör. Jafnframt telur framkvæmdaraðili staðsetninguna henta mun betur heldur en núverandi staðsetningu (sjá svarlið 3.4) þar sem vatnsskipti eru lítil við núverandi neyðarútrás. Í fyrirspurn um matsskyldu er fjallað um núverandi álag í Elliðaárvogi og möguleg samlegðaráhrif stöðvarinnar. Framkvæmdaraðili telur ekki þörf á frekari umfjöllun að svo stöddu.
1.3	<i>„Undirritaður telur eðlilegt að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum sem ætti ekki að þurfa að vera umfangsmikið þar sem mikið liggur fyrir af gögnum.“</i>	Fyrirhugað framkvæmdarsvæði hefur verið mikið rannsakað á síðastliðnum árum vegna framkvæmda sem þar eru áformaðar. Framkvæmdaraðili telur að í matsskyldufyrirspurn hafi verið góð samantekt sem lýsi grunnástandi svæðisins vel og góð lýsing á framkvæmdinni sjálfri. Framkvæmdaraðili telur að fyrirbyggjandi gögn séu nógu lýsandi til þess að meta líkleg umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar og að næg gögn séu fyrir hendi til þess að hægt sé að setja viðeigandi skilyrði í starfsleyfi stöðvarinnar. Jafnframt bendir framkvæmdaraðili á að á deiliskipulagsupprætti, sem unninn hefur verið fyrir svæðið, er bæði dælustöðin og neyðarútrásin sýnd. Staðsetning dælustöðvarinnar og útrásarinnar var ákvörðuð í nánú samráði við Reykjavíkurborg og skipulagshöfunda.
2	Umhverfisstofnun, dags 24.5.23	
2.1	<i>„Í tilkynningarskýrslunni er fjallað um staðsetningu og umhverfi framkvæmdarinnar og hvernig reynt verður að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja með hönnun sem fellur inn í landslagið. Engar náttúruminjar eða verndarsvæði eru á sjálfu framkvæmdarsvæðinu en í nálægð við það er eitt friðlýst svæði, Háubakkar og þrjú svæði á náttúruminjaskrá, leirurnar í Grafarvogi á B-hluta, og Elliðaárdalurinn</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Umhverfisstofnunar um að fyrirtækinu beri að fylgja ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og markmiðum laganna. Tekið verður tillit til laganna við frekara skipulag, hönnun og framkvæmdir. Vöktun verður gerð frekari skil við leyfisferli og mun framkvæmdaraðili framfylgja því sem þar kemur fram.

	<p>og Gufuneshöfði á C-hluta. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þessi svæði.</p> <p>Í skýrslunni er fjallað ítarlega um dýralíf, gróður og vistgerðir á staðnum, möguleg áhrif framkvæmdanna á þau og fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir. Umhverfisstofnun hefur engar athugasemdir við þær áðgerðir en finnst mikilvægt að þeim verði fylgt eins og kostur er. Neyðarútrás frá stöðinni er færð og mun áfram liggja út í Elliðaárvog-Grafarvog, vatnshlot nr. 104-1303-C, sem er strandsjór.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að fyrirtækinu ber að fylgja ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn (yfirborðsvatn og grunnvatn) og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Öll vatnshlot eiga að ná umhverfismarkmiðum sínum um a.m.k. gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins hefur ekki verið vistfræðilega flokkað vegna skorts á gögnum en teknar hafa verið fjórar forgangsefnafræðilegt ástand sem dugar ekki til, til að staðfesta efnafræðilegt ástand“</p>	
2.2	<p>„Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 3.10 er texti í lok kaflans um að skólpið verði hreinsað í samræmi við ákvæði rgl. um fráveitur og skólp en eins og fram kemur í skýrslunni er ekki um hreinsun á skólpi að ræða heldur bara dælingu á því í hreinsistöð.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingu Umhverfisstofnunar og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.</p>
2.3	<p>„Bent er á að ekkert er fjallað um loftslagsbreytingar og áhrif aukinnar úrkomu og úrkomuákefðar sem líkur eru á að geti haft verulega neikvæð áhrif á fráveitukerfin. Þess má geta að í tillögu að nýrri skólptilskipun frá Evrópusambandinu eru tillögur um bætt eftirlit með losun á óhreinsuðu yfirborðsvatni og að draga eigi úr slíkri losun eftir fremsta megni. Á skipulagsstigi fyrir nýja skólpaðlustöð er því mikilvægt að gert verði ráð fyrir að geta stækkað við dælustöðina verði þörf á því síðar með auknu álagi vegna úrkomu“</p>	<p>Bent er á að tekið er mið af aukinni úrkomu í hönnunarrennsli stöðvarinnar. Í raun á ekkert ofanvatn að vera í kerfinu, þar sem fráveitukerfið er aðskilið í sitthvort kerfið, þ.e. skólp og regnvatn. Því er fráveitukerfið á svæðinu vel undirbúið undir aukna úrkomu vegna loftslagsbreytinga og mun aukin úrkoma því ekki hafa áhrif á dælustöðina sjálfa.</p> <p>Að öðru leyti þakkar framkvæmdaraðili fyrir ábendingar varðandi tillögur að nýrri skólptilskipun frá Evrópusambandinu og verður tekið mið af athugasemdinni við frekara skipulag stöðvarinnar.</p>

2.4	<p>„Niðurlag Umhverfisstofnun telur skýrsluna nákvæma og góða og gerir ekki athugasemdir við framkvæmdina eins og henni er lýst þar. Stofnunin er sammála mati skýrsluhöfunda um að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg og telur því að hún sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir athugasemdir og ábendingar Umhverfisstofnunar og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari svara.</p>
3	Hafrannsóknarstofnun, dags. 02.6.23	
3.1	<p>„Fram kemur í kafla 2.3.2 (Viðtaki) að við notkun neyðarútrásar verði fráveitu veitt í vatnshlotið Innri sund – Elliðaárvogur – Grafarvogur, vatnshlotanúmer 104-1303-C (Strandsjór) og að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé metið gott (Stjórn vatnamála, 2023). Samkvæmt vatnavefsjá (Stjórn vatnamála, 2023) er markmiðið að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé gott. Hafrannsóknastofnun bendir hinsvegar á að samkvæmt framangreindri heimild er vistfræðilegt ástand vatnshlotsins óflokkað og því er ekki rétt að segja að vistfræðilegt ástand þess sé gott. Rannsóknir á botndýrasamfélögum í Elliðaárvogi benda t.d. til að samfélög botndýra sé verulega raskað (Jörundur Svavarsson, 2015). Efnafraðilegt ástand vatnshlotsins var hinsvegar flokkað sem gott, en hafa ber í huga að vatnssýni til greiningar á efnafraðilegu ástandi voru tekin við Klettagarða, sem er nokkru utan við fyrirhugaðan framkvæmdastað og legu neyðarútrásar. Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurn er talið að álag á svæðinu sé talsvert en magn þeirra óvíst“</p>	<p>Samkvæmt vatnavefsjá Stjórn vatnamála, þá er umhverfismarkmið að vistfræðilegt ástand vatnshlotsins sé gott en vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er óflokkað. Framkvæmdaraðili þakkar Hafrannsóknarstofnun fyrir ábendingu um misræmið og verður tekið tillit til hennar við frekari skipulagsvinnu tengda framkvæmdinni.</p> <p>Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar, þá er efnafraðilegt ástand vatnshlotsins gott. Framkvæmdaraðili telur að þrátt fyrir að sýnataka hafi farið fram nokkru frá fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, þá séu þær rannsóknir til þess fallnar að endurspegla ástand vatnshlotsins. Framkvæmdaraðili er jafnframt meðvitaður um að vatnshlotið er stórt og ástand vatnshlotsins við Klettagarða endurspeglar ekki endilega ástand þess við Elliðaárvog, sérstaklega í ljósi þess álags sem er á vatnshlotinu í dag.</p>
3.2	<p>„Í matskyldufyrirspurn kemur nokkrum sinnum fram að neyðarútrás skólpdælustöðvarinnar verði sjaldan notuð. Erfitt er að átta sig á hvað „sjaldan“ eða „tíðni lítil“ þýðir. Til að meta áhrif neyðarútrásar væri nauðsynlegt að áætla (t.d. miðað við fyrri reynslu af öðrum sambærilegum dælustöðvum) hversu oft og í hvað langan tíma áætlað er að neyðarútrásin verði notuð. Í því sambandi bendir Hafrannsóknastofnun á að í sambærilegri neyðarútrás skólps frá afmörkuðu svæði Stefnisvogs (frá Vogabyggð) kom fram að áætlanir</p>	<p>Erfitt er að segja fyrir, með nákvæmari hætti, hver tíðni á notkun neyðarútrásarinnar kemur til með að vera í ljósi þess að einungis verður notast við stöðina í ófyrirséðum neyðartilvikum. Eins og fram kemur í matsskyldufyrirspurninni, þá hyggst framkvæmdaraðili nota útrásina eins sjaldan og í eins stuttan tíma og kostur er. Framkvæmdaraðili bendir á að þær upplýsingar sem Hafrannsóknarstofnun vísar hér í, komu fram með hefðbundinni leyfisumsókn Veitna fyrir umræddri neyðarútrás. Framkvæmdaraðili</p>

	<p><i>geri ráð fyrir að notkunin verði að meðaltali 34 mínútur á ári, en einnig var tilgreint að tíðni notkunar neyðarrásar sé lítil og tími hveirar útlosunar stuttur. Miðað við útlosun á tveggja ára fresti var magn skólps þar áætlað 22 m³ í hvert skipti miðað við 1.481 PE“</i></p>	<p>mun veita svipaðar upplýsingar þegar sótt verður um leyfi fyrir skólpdælustöð í Elliðaárvogi.</p> <p>Þá bendir framkvæmdaraðili á að stöðin í Elliðaárvogi mun vera byggð með varaafstöð og tvöföldum þróm til að auka rekstar öryggi og þar með lágmarka losun óhreinsað skólps í sjó um neyðaryfirfall.</p>
3.3	<p><i>„Í kafla 3.7. (Fiskar) kemur fram að niðurbrot á lífrænu efni (sem mikið er af í skólpi) geti valdið súrefnisskortu í viðtaka. Gera þarf grein fyrir hvort slík áhrif eru langvarandi þ.e. hvort mikið magn af skólpi (t.d. einstök neyðarlosun í stuttan tíma) geti haft langvarandi áhrif á næringarástand og súrefnismagn á afmörkuðu skjólsælu svæði eins og Elliðaárvogur er.“</i></p>	<p>Talið er að vatnsskipti séu betri við staðsetningu nýrrar neyðarútrásar en núverandi staðsetningar (sjá kort undir svari við lið 3.4). Þar sem eingöngu er um neyðarútrás að ræða er talið líklegt að áhrif á súrefnisbúskap viðtakans verði aðeins tímabundin, þegar notast þarf við neyðarútrásina.</p> <p>Hönnun útrásarinnar er enn í vinnslu. Framkvæmdaraðili mun skoða þann möguleika að fara með útrásina enn lengra út í Elliðaárvog sem mótvægisáðgerð við mögulegri uppsöfnun næringarefna við ósa Elliðaáanna.</p> <p>Vöktun verður frekar skilgreind við leyfisferli og mun framkvæmdaraðili framfylgja því sem þar kemur fram.</p>
3.4	<p><i>„Í skólpi geta verið ýmis mengandi efni (t.d. lyfjaleyfar, hormón, hreinsiefni, olíur og næringarefni). Slík efni geta haft neikvæð áhrif á lífverur. Laxfiskar á hrygningargöngu nýta lyktarskyn á göngu upp í sína heimaá en litlar rannsóknir eru til um áhrif mengunar á hegðun laxa á hrygningargöngu upp í ferskvatn. Að framansögðu er því mjög erfitt að segja til um áhrif neyðarlosunar skólps á lífverur sem nýta sér svæðið í nágrenni við útrás en vert er að gera grein fyrir þessum þætti vegna reksturs skólpdælustöðvarinnar.“</i></p>	<p>Eins og fram kemur í fyrirspurn um matsskyldu, þá telur framkvæmdaraðili að fiskar og fuglar séu þeir umhverfisþættir sem líklega eru viðkvæmastir fyrir tilkomu skólpdælustöðvarinnar.</p> <p>Góð vatnsskipti á svæðum þar sem skólpi er leitt til sjávar, er forsenda þess að mengandi efni safnist síður saman og myndi ekki ástand sem getur verið skaðlegt fyrir lífríki. Neyðarútrás fyrir núverandi skólpdælustöð (sjá rauða ör á mynd hér að neðan) er staðsett inni í vogi, rétt norðan Sævarhöfða og má áætla að vatnsskipti séu minni heldur en við staðsetningu sem kynnt er í fyrirspurn um matsskyldu (sjá gula ör á mynd hér að neðan). Nýja útrásin er vissulega nær ósum Elliðaáanna heldur núverandi útrás en í ljósi þess að vatnsskipti eru að öllum líkindum betri, telur framkvæmdaraðili ólíklegt að fiskum stafi hætta af upp söfnun mengandi efna, sér í lagi ef horft er til þess að um neyðarútrás verður að ræða.</p>

Framkvæmdaraðila ítrekar að tilgangur útrásarinnar er að vera notuð í einstaka neyðartilfellum. Á sama tíma og framkvæmdaraðili er meðvitaður um möguleg áhrif sem skólþ getur haft á lífríki, þá telur hann að sökum lágrar tíðni á notkun útrásarinnar verði áhrif hennar óveruleg.



3.5 „Í kafla 4 (Samantekt) kemur fram að framkvæmdaraðili telur að þeir umhverfisþættir sem viðkvæmastir eru fyrir framkvæmdinni séu fiskar og fuglar. Ósar Elliðaánna eru mikilvægir, bæði fyrir fiska og fugla og telur framkvæmdaraðili mikilvægt að horft sé til þess hvort fiskar séu að ganga upp árnar eða eigi viðveru í ósum, þegar neyðarútrás verður notuð. Haffrannsóknastofnun

Framkvæmdaraðili vísar í kafla 3.7 Fiskar í matsskyldufyrirspurn, en þar segir:

„Til þess að lágmarka áhrif á fiska í ánum og við ósa mun framkvæmdaraðili því eiga samráð við Fiskistofu til þess að skipuleggja tímasetningu framkvæmda, og verður horft til þess að þær verði ekki skipulagðar á hrygningartíma.“

	<p><i>telur að framkvæmdaraðili þurfi að gera grein fyrir hvernig ætlunin sé að afla vitneskju um hvort fiskar sé á göngu um svæðið eða hafi þar viðveru þegar neyðarútrás verður notuð.“</i></p>	<p>Sjái framkvæmdaraðili fram á að þörf sé á að neyðarútrás verði notuð, mun framkvæmdaraðili upplýsa viðeigandi hagsmuna aðila s.s. Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnun um mögulegar rekstartruflanir, sbr. núverandi verklag vegna tilkynninga um losun á óhreinsuðu skólpi í sjó.</p>
3.6	<p><i>„Í kafla 2.1.1 kemur fram að einnig sé til skoðunar að leggja nýja dæluögn frá nýju dælustöðinni að sjálfrennslilögn vestan við Elliðaár. Hafrannsóknarstofnun bendir á að ef að þeirri lögn verður mun hún þvera Elliðaárnar með tilheyrandi álagi og raski sem vert væri að meta sem hluta af framkvæmdum við nýja skólpdælustöð við Elliðaárvog.“</i></p>	<p>Ef til þess kemur að ný lögn verður lögð, sem mun þvera Elliðaárnar og tengjast sjálfrennslilögn vestan við Elliðaár, er líklegt að tímabundinna áhrifa muni gæta á meðan lögninni verður komið fyrir. Til þess að draga úr áhrifum mun framkvæmdaraðili eiga samráð við Hafrannsóknarstofnun og Fiskistofu til þess að tímasetja framkvæmdir með þeim hætti að takmarka áhrif á fiska, eins og kostur er.</p>
3.7	<p><i>„Fram kemur að framkvæmdaraðili mun reyna að tímasetja notkun neyðarútrásar þannig að sjávarföll teljist hentug. Leitast verður eftir því að vatnsskipti í voginum séu sem best, útbýning næringarefna og lífrænna efna sem mest og þ.a.l. umhverfisáhrif sem minnst á sem flesta umhverfisþætti. Fram kemur einnig að neyðarútrásin verði eingöngu notuð í neyðartilfellum t.d. ef sinna þarf viðhaldi, ef óvænt bilun kemur upp eða aftakarennslí er í fráveitukerfinu. Hafrannsóknarstofnun bendir á að erfitt getur reynst að tímasetja notkun neyðarútrásar við hentug sjávarföll ef óvænt bilun kemur upp eða ef aftakarennslí er í fráveitukerfinu.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili vísar í svarlið 1.1 við þessum hluta umsagnarinnar.</p>
3.8	<p><i>„Að lokum áréttar Hafrannsóknarstofnun að ósasvæði Elliðaáa er undir álagi frá núverandi og fyrirhugaðri starfsemi á svæðinu. Sem dæmi um fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi má nefna Borgarlínu sem áætlað er að þveri Elliðaárósa, Sundabraut sem þverar Elliðaárvog utanverðan og að unnið er að landfyllingum á ósasvæðinu. Þessar framkvæmdir geta hugsanlega haft áhrif á þau straumlíkön sem gerð hafa verið fyrir svæðið og vitnað er til í matskyldufyrirspurninni. Hafrannsóknarstofnun bendir einnig á að umhverfisáhrif einstakra framkvæmda geta verið hverfandi en samlegðaráhrif margra slíkra framkvæmda innan sama vatnasviðs eða svæðis geta hins vegar verið umtalsverð og haft verulega neikvæð áhrif á vatnsgæði og lífverusamfélög.“</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili bendir á að þau gögn sem vísað er í, gefa upplýsingar um grunnástand svæðisins eins og það er í dag. Framkvæmdaraðili telur, að þrátt fyrir að möguleiki sé á því að ástand svæðisins komi til með að breytast með framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru í framtíðinni, séu gögnin áreiðanleg til þess að lýsa núverandi ástandi og líklegum áhrifum skólpdælustöðvarinnar.</p> <p>Á sama tíma og framkvæmdaraðili tekur undir með því að mikilvægt sé að horft sé til samlegðaráhrifa allra framkvæmda, bæði núverandi og komandi framkvæmda á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, telur framkvæmdaraðili að umhverfisáhrif skólpdælustöðvarinnar sé</p>

		óveruleg, samanborið við aðrar framkvæmdir sem Hafrannsóknarstofnun vísar til.
4	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 31.5.23	
4.1	„Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð sem fylgdi tilkynningunni og telur að ítarlega sé gert grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Nýlegar athuganir á fugla- og botndýralífi og faratferli laxfiska á svæðinu, í tengslum við umhverfismat væntanlegrar landfyllingar, gefa ágætar upplýsingar sem nýtast vel til að leggja mat á umhverfisáhrifin af skólpdælustöðinni. Náttúrufræðistofnun telur ekki þörf á að afla frekari upplýsinga um náttúrufar svæðisins við undirbúning þessarar framkvæmdar en styrkja ætti langtíma vöktun til að meta áhrif af rekstri skólpdælustöðva Veitna ohf í Elliðaárvogi.“	Framkvæmdaraðili tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) um að fyrirliggjandi upplýsingar gefi góða mynd af náttúrufari svæðisins. Við leyfisumsóknarferli framkvæmdarinnar verður vöktun gerð frekari skil.
4.2	„Sá áhrifaþáttur framkvæmdarinnar sem vegur þyngst að mati Náttúrufræðistofnunar er neyðarútrásin, og þá einkum notkun hennar þegar skólp er losað í Elliðaárvog. Eins og fram kemur í greinargerðinni er lífríki vogsins auðugt og með hátt verndargildi, einkum fuglalíf og laxfiskar sem eiga farleið um og dvelja í voginum. Öll skólpmengun er þar afar óheppileg og því grundvallaratriði að notkun neyðarútrásar sé haldið í algjöru lágmarki eins og stefnt er að, ekki síst því tvær aðrar dælustöðvar eru við veginn.“	Framkvæmdaraðili tekur undir með NÍ að neyðarútrásin sé sá þáttur framkvæmdarinnar sem kemur til með að valda mestum umhverfisáhrifum. Eins og segir í fyrirspurn um matsskyldu, þá mun tíðni notkunar á neyðarútrás vera eins lítil og hægt er. Tilgangur útrásarinnar er einungis að vera til staðar ef til bilunar kemur eða ef aftakarensli er í fráveitukerfinu. Framkvæmdaraðili mun ávallt leita leiða til að sleppa eða takmarka yfirfallstíma vegna viðhalds.
4.3	„Jákvætt er að stefnt sé að því að græða upp gróðurþekju sem raskast sem og að huga að endurheimt fjörubotns sem raskast við lagningu neyðarútrásar.“	Framkvæmdaraðili telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast viðbragða.
4.4	„Þrátt fyrir hátt verndargildi náttúrusvæðisins telur Náttúrufræðistofnun ekki þörf á að þessi framkvæmd ein og sér fari í umhverfismat og það myndi litlu bæta við þá umfjöllun sem er í greinargerð tilkynningarinnar. Hins vegar er ljóst að í ljósi mikilla uppbyggingaráforma á svæðinu er afar mikilvægt að skoða vel samlegðaráhrif hina ýmsu framkvæmda þ.m.t. þessarar. Lífríki svæðisins er undir töluverðu álagi á svæðinu nú þegar og því brýnt að átta sig á hvaða áhrif skipulags- og framkvæmdaáform munu hafa.“	Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar NÍ um möguleg samlegðaráhrif á milli fyrirhugaðra og núverandi framkvæmda í Elliðaárvogi. Jafnframt vísar framkvæmdaraðili í kafla 3.12 Samlegðaráhrif í matsskyldufyrirspurn þar sem lögð er áhersla á að reynt sé að forðast aðstæður þar sem neyðarútrásin er notuð á tímum sem henta illa, t.d. þar sem fleiri en ein neyðarútrás er við notkun í Elliðaárvogi á sama tíma.

	<p><i>Mikilvægt er að þetta sé greint gaumgæfilega t.d. í frekari skipulagsvinnu en einnig að þetta sé haft í huga við áframhaldandi undirbúning einstakra framkvæmda.</i></p> <p><i>Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.“</i></p>	<p>Jafnframt tekur framkvæmdaraðili undir með Ní að mikilvægt sé að tekið sé mið af því álagi sem er á svæðinu við frekari skipulags- og framkvæmdaáform.</p>
5	<i>Minjastofnun Íslands, dags. 17.5.22</i>	
5.1	<p>”</p> <p>Fyrir liggur fornleifaskráning, <i>Ártúnshöfði-Fornleifaskrá</i>, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 212 útgefin árið 2021. Þegar bornar eru saman mynd nr. 3.2 í meðfylgjandi greinargerð og mynd nr. 24 í fyrirliggjandi fornleifaskráningu má sjá að um sömu mynd er að ræða og því má ætla að í greinargerðinni sé verið að vísa í fyrirliggjandi fornleifaskrá þó nafnið sé ekki það sama. Engar fornleifar eru skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.</p> <p>“</p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar Minjastofnunar Íslands og telur umsögnina ekki þarfnast frekari viðbragða.</p>
5.2	<p>”</p> <p>Fyrir liggur húsakönnun, <i>Ártúnshöfði-Svæði 1-4-Húsakönnun</i>, unnin af Borgarsögusafni Reykjavíkur, skýrsla nr. 211 útgefin árið 2021. Engin hús eða mannvirki eru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.</p> <p><i>Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja í samræmi við 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur farið fram og teljast þær skráningar fullnægjandi.</i></p> <p><i>Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.</i></p> <p>“</p>	

5.3

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Míngjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.